

Aðalfundur félags sumarhúsaeigenda í Hvammi var haldinn fimmtudaginn 1.10.2009. kl. 17.00 á Park Inn hóteli, Ármúla 9.

1. Skýrsla stjórnar. Bergþór Þormóðsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að stjórnin hélt reglulega fundi Stærstu málin sem fjallað var um var lagning göngustíga á svæðinu, vatnsmálin(sjá sérstakan lið að neðan) og uppsetning heimasíðu (www.hvammshlid.is). Einnig kom fram að Skorradalshreppur hefur lagt fram tillögu að aðalskipulagi. Það sem skiptir helst máli fyrir Hvammssvæðið er að í tillögunni er gert ráð fyrir að svæðið ofan Þjóðvegur sé til sérstakra nota. Þar er gert ráð fyrir nokkrum stórum 7 hektara lóðum og fylgir sú kvöð að landeigendur sjái um og grisji skóg eftir þörfum. Hægt er að kynna sér uppdráttinn á heimasíðu heimasíðu Skorradalshrepps (www.skorradalur.is)

Bárður Sigurgeirsson sagði frá vatnsmálum. Í ljós hefur komið að núverandi vatnsveita annar ekki svæðinu á álagstímum. Að auki er um lindarvatn að ræða og er upptökusvæði lindarinnar á svæði sem hætta er á að geti mengast af úrgangi frá búfænaði og fuglum. Einnig uppfyllir vatnsbólið núverandi ekki skilyrði til leyfisveitingar. Sökum þess að ljóst er að gæði vatnsbólsins eru ekki nægjanleg og að rennsli frá lindinni er það lítið að það getur ekki annað núverandi bústöðum á álagstímum þótti ljóst að nauðsynlegt var að leita annarra leiða.

Því hafa verið teknar upp viðræður við vatnsfélag Vatnsenda um kaup á vatni. Í Vatnsenda hafa verið boraðar 2 borholur sem hvor um sig gefa af sér 5l/sek. Skv. útreikningum dugir það vatnsmagn fyrir rúmlega tvöfalda Vatnsendabyggðina eins og hún er í dag og getur því vel annað bæði Vatnsenda og Hvammssvæði. Viðræður á milli aðila eru í gangi og mun málið verða kynnt nánar á heimsíðunni þegar dregur til tíðinda.

Glærur BS má sjá og hlaða niður hér til hliðar.

2. Ársreikningar. Birgir Benediktsson kynnti og lagði fram endurskoðaða ársreikninga. Engar athugasemdir bárust og voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

3. Kosning stjórnarmanna. Birgir Benediktsson var samhljóða kjörinn formaður. Aðrir kjörnir stjórnarmenn voru eftirtaldir:

Alexander Edvardsson

Andri Árnason

Bárður Sigurgeirsson

Björn Magnússon

Varamenn:

Guðjón Jensson

Skúli Már Sigurðsson

4. Kosning skoðunarmanna reikninga. Samhljóða kjörnir:

Magni Sigurhansson

Björn Jóhannsson

5. Ákvörðun félagsgjalds. Birgir Benediktsson fráfarandi gjaldkeri lagði til að félagsgjald verði óbreytt, 15.000. Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál. BS lagði til að fundargerðir stjórnar verði birtar á heimasíðu félagsins. Samþykkt samhljóða.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bárður', with a long horizontal flourish extending to the right.

Bárður Sigurgeirsson